FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
285. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 4. DESEMBER 2017



Ljósin voru tendruð á Óslóartrénu við hátíðlega athöfn á Austurvelli í gær. Borgarstjóri veitti trénu viðtöku fyrir hönd Reykjavíkur en að þessu sinni afhenti Eivor Evenrud, borgarfulltrúi Óslóarborgar, tréð á Austurvelli. Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu markar upphaf aðventunnar í Reykjavík og minnir á vináttusamband Reykjavíkur og Óslóarborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Opin fyrir því að taka upp sykurskatt

**Heilbrigðisráðherra segist opinn fyrir því að setja á sykurskatt og nýr stjórnarsáttmáli gerir ráð fyrir að beita efnahagslegum hvötum til eflingar lýðheilsu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra er opin fyrir því að taka upp svokallaðan sykurskatt að nýju, en sprenging hefur orðið í dauðsföllum af völdum sykursýki 2 undanfarin ár.

Nítján einstaklingar létust í fyrra af völdum sjúkdómsins. Um er að ræða þá tegund sykursýki sem er áunnin, þar sem ofþyngd, hreyfingarleysi og lífsstíll spila stóra rullu.

„Við viljum, og það kemur fram í stjórnarsáttmálanum, almennt leggja meiri áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Það hefur auðvitað verið sú tilhneiging að setja mesta áherslu á sjúkrahúsþjónustuna sjálfa, en minna á forvarnarþáttinn. Góð heilsa snýst um þrennt; forvarnir og lýðheilsu, sjúkrahúsið og heilsugæsluna og svo eftirfylgni og endurhæfingu.“

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, formaður Félags lýðheilsufræðinga, segir mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld bregðist við mikilli sykurneyslu hér á landi. „Með einhverjum ráðum þurfum við að minnka þessa neyslu því kostnaður heilbrigðiskerfisins af allri þessari neyslu sykurs er orðinn töluverður,“ segir Sigríður Kristín og bætir við að sykurskattur sé ein af þeim leiðum sem skynsamlegt væri að fara í þeim efnum.

Niðurstöður norrænnar vöktunar á mataræði, hreyfingu og holdafari sýna að neysla á sykruðum gosdrykkjum og sykurríkum vörum er mest á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin. – ósk, sa / sjá síðu 8

## Hjólabúnaður oft til vandræða

**SAMGÖNGUR** Mörg dæmi eru um bilun í hjólabúnaði í Bombardier Q400 flugvélum sambærilegum þeim sem Air Iceland Connect notar í innanlandsflugi sínu. Tvær vélar félagsins voru kyrrsettar um tíma í síðustu viku vegna bilunar í hjólabúnaði og sú þriðja nauðlenti í Keflavík 16. nóvember vegna merkis um slíka bilun.

Árni Gunnarsson, forstjóri Air Iceland Connect, fullyrðir að vélarnar standist allar öryggiskröfur.

„Farþegar okkar þurfa ekkert að óttast.“

Hann segir atvikin sem komu upp í vélum félagsins í síðustu viku ótengd því sem komið hafi upp í sambærilegum vélum annarra flugfélaga erlendis. – sa / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Áslaug Friðriksdóttir segir borgarstjóra hlaupast undan ábyrgð. 12

**SPORT** FH-ingar eru úr leik í EHF-bikarnum í handbolta. 16

**TÍMAÓT** Fatlað fólk þarf að vera sýnilegt út á við. 26

**LÍFIÐ** Útgáfu bókarinnar Kviknar var fagnað á föstudaginn. 28

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Hæg vestlæg átt og úrkomulítið. Snýst í norðvestanátt með éljum fyrir norðan um kvöldið, en rofar til syðra og kólnar í veðri. SJÁ SÍÐU 22



Sigmundur Ernir segir að fari ÍNN aftur í loftið verði það með öðru sniði en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nýir eigendur segja framtíð ÍNN óráðna

**FJÖLMIÐLAR** Sjónvarpsstöðin Hringbraut keypti á dögunum þrotabú sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN sem úrskurðuð var gjaldþrota um miðjan síðasta mánuð. Þetta staðfestir Sigmundur Ernir Rúnarsson, dagskrár- og þróunarstjóri sjónvarps hjá Hringbraut. Framtíð ÍNN og hvort stöðin fari í loftið á ný ráðist á næstunni.

„Við höfum allt opið í þeim efnum. Fyrst og fremst ætlum við að huga að Hringbraut næstu misseri, efla dreifikerfið og það sakar ekki að vera komin með þessa rás sem ÍNN var með.“

ÍNN var ein þeirra eigna sem Frjáls fjölmiðlun keypti út úr Pressunni á dögunum en stöðin var úrskurðuð gjaldþrota 15. nóvember síðastliðinn. Útsendingar hafa legið niðri um hríð.

„ÍNN í þeirri mynd sem hún var í verður ekki rekin undir okkar hatti,“ segir Sigmundur Ernir. Aðspurður hvort það þýði að stofnandinn Ingvi Hrafn Jónsson sé ekki væntanlegur aftur á skjáinn segir hann:

„Ég á bágt með að trúa því.“ **– smj**

> Það sakar ekki að vera komin með þessa rás sem ÍNN var með.
>
> Sigmundur Ernir Rúnarsson

## Dagur á bólakaf



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri stakk sér til sunds í Sundhöll Reykjavíkur sem var opnuð í gær eftir endurbætur á áttatíu ára afmælisári laugarinnar. Framkvæmdirnar hafa tekið um eitt og hálft ár og fyrr á þessu ári var sundlauginni lokað fyrir almenning meðan uppbygging átti sér stað. Í tilefni dagsins mættu starfsmenn og velunnarar Sundhallarinnar á opnunina, en það var borgarstjórinn sem buslaði manna fyrstur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK

# Tólf daga gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri var í gær úrskurðaður í tólf daga gæsluvarðhald. Hann er grunaður um að hafa stungið tvo menn með hníf á Austurvelli í fyrrinótt. Brotaþolarnir, albanskir karlmenn, voru fluttir á bráðamóttöku.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun, seint í gærkvöldi, var öðrum manninum enn haldið sofandi og var hann í lífshættu. Hinn maðurinn slasaðist minna.

Vitni gátu gefið lýsingar sem leiddu til handtöku hins grunaða í Garðabæ nokkru eftir árásina. Hann var vistaður í fangageymslu.

Stuðst er við myndbandsupptökur við rannsókn málsins en lögreglan hefur beinan aðgang að myndavélum á Austurvelli. Unnið er að því að fá myndbandsupptökur úr öryggismyndavélum veitingastaða í nágrenninu. **– ósk**

# Bílstjórar BSR tóku upp talstöðvarnar á ný eftir kerfishrun 1984

**Kerfishrun vefhýsingarfyrirtækisins 1984 olli því að leigubílafyrirtækið BSR þurfti að taka upp talstöðvarsamskipti á ný. Snjallforrit BSR liggur enn niðri og kostnaður fylgir því að koma samskiptakerfinu aftur í gagnið. Framkvæmdastjórinn segir endurkomu talstöðvanna fylgja mikið áreiti fyrir starfsfólkið.**

**VIÐSKIPTI** „Viðskiptavinirnir hafa ekki fundið fyrir þessu og bílstjórarnir ekki tapað tekjum. Við tókum bara upp gamla kerfið sem er talstöðin,“ segir Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri BSR, um afleiðingar kerfishruns vefhýsingarfyrirtækisins 1984 á dögunum. Vefsíða, samskiptakerfi og snjallforrit leigubílafyrirtækisins urðu fyrir barðinu á hruninu og enn sér ekki fyrir endann á þeim vandræðum.

Heimasíða BSR er ekki enn komin í gagnið, tölvupóstur fyrirtækisins lá niðri í viku og rúmlega mánuði síðan er kerfið ekki enn komið upp.

„Appið er ekki komið upp ennþá og Reontech, fyrirtækið sem bjó til þetta afgreiðslukerfi fyrir okkur í síma, er að vinna í því að setja það upp að nýju og það auðvitað kostar peninga. Þetta var ekki draumurinn okkar,“ segir Guðmundur Börkur í samtali við Fréttablaðið en fyrirtækið lagði mikið undir við að koma upp snjallsímaforritinu fyrir nokkrum árum. Hann segir að afrit hafi verið til en kerfið þurfi að stilla og setja upp á ný sem sé töluverð vinna.



Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri BSR, segir kerfishrun 1984 hafa kallað á að fyrirtækið spólaði aftur um nokkur ár í samskiptakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þá voru góð ráð dýr og neyddust bílstjórar BSR til að taka upp gömlu talstöðvarsamskiptin, sem menn höfðu talið vera orðin barn síns tíma á snjalltækjaöldinni.

„Við spóluðum aðeins aftur í tímann og förum að nota kerfið sem notað hafði verið áratugina á undan. Það er aðeins meiri vinna að nota talstöðina. Það þreytir bæði fólkið á símanum og bílstjórana. Það er meira áreiti en að fá þetta bara í símann. En við höfum getað sinnt viðskiptavinum okkar áfram,“ segir Guðmundur Börkur og er bjartsýnn á að tæknimálin verði fljótt komin í samt lag.

1984 er enn að rannsaka orsakir hins dularfulla kerfishruns sem hafði víðtæk áhrif á þúsundir viðskiptavina hýsingarfyrirtækisins. Í tilkynningu á vef fyrirtækisins segir að í forgangi sé þó að koma lausnum viðskiptavina upp á ný en að gríðarlegu verki sé lokið en enn sé nóg eftir. Haft var eftir framkvæmdastjóra fyrirtækisins í Morgunblaðinu á dögunum að á þriðja tug fyrirtækja hefðu sagt upp samningi sínum við fyrirtækið, en í ljósi þess að fyrirtækið hýsti yfir sjö þúsund vefi og 23 þúsund tölvupóstnotendur væri hann hrærður yfir því hve lágt hlutfallið væri í raun.

**mikael@frettabladid.is**






## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ástandið á leigumarkaði veldur því að fólk lætur gæludýrin frá sér

**LEIGUMARKAÐUR** „Húsnæðismál eru ein aðalástæða þess að fólk þarf að láta frá sér dýr,“ segir Valgerður Valgeirsdóttir, formaður Dýrahjálpar Íslands, en fyrir tilstuðlan félagsins – sem starfað hefur í næstum áratug – hafa tæplega sex þúsund gæludýr fengið nýtt heimili.

Þeir dýralæknar og forsvarsmenn dýraspítala, sem Fréttablaðið hefur rætt við, segja að fyrir tilstuðlan Dýrahjálparinnar hafi mörgum gæludýrum verið þyrmt. Lísa Bjarnadóttir, dýralæknir og einn eigenda Dýraspítalans í Víðidal, segir það oft þyngra en tárum taki þegar eina úrræðið sé að lóga dýrunum.

Hún segir að það sé alltaf eitthvað um að fólk þurfi að láta aflífa dýrin sín vegna aðstæðna á leigumarkaði en algengt er að gæludýrahald sé ekki leyft í leiguhúsnæði. Það eigi sérstaklega við eldri borgara, sem flytji í þjónustuíbúðir þar sem dýrahald sé bannað. Lísa segir sorglegt hversu oft sé horft fram hjá rannsóknum sem sýni hvaða jákvæðu áhrif gæludýr geti haft á heilsu eldra fólks.

Valgerður segir að með tilkomu samfélagsmiðla reynist nú miklu auðveldara en áður að finna dýrum ný heimili. Fleiri séu reiðubúnir að taka að sér stálpuð dýr. „Áður fyrr var eini sénsinn að svæfa – það var enginn markaður,“ segir hún. Valgerður nefnir þó að það sé ekki sjálfgefið að dýrin taki vistaskiptunum vel.

Í sumum tilvikum brjótist fram hegðunarvandamál hjá dýrunum sem séu afleiðing streitu. Hún segir að á hverjum degi komi fram fólk sem þurfi, vegna flutninga eða reglna um dýrahald, að láta frá sér dýrin. Fæstum dýrunum sé þó lógað. **– bg**



**Valgerður Valgeirsdóttir, formaður Dýrahjálpar Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samkeppni mikil í bílasölu

**VIÐSKIPTI** Fleiri en tuttugu þúsund fólksbílar hafa verið nýskráðir á Íslandi það sem af er þessu ári og er það meira en þegar mest lét fyrir bankahrun. Um helmingur nýskráninganna er á bílaleigubílum. Framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins segir verð á nýjum bílum hagstætt um þessar mundir.

Mikil samkeppni er nú sögð ríkja á milli bílasala um kaupendur. Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir að lækkað verð á nýjum bílum skýri að hluta mikla sölu á árinu. **– jók**

## Kvörtun frá einum íbúa

**SAMFÉLAG** Kvörtun barst frá einum íbúa vegna hundahalds Sigurbjargar Hlöðversdóttur í Hátúni 10, húsnæði Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands. Fréttablaðið hefur fjallað um málið að undanförnu en Sigurbjörg kærði uppsögn á leigusamningi sínum vegna hundahalds til kærunefndar húsnæðismála velferðarráðuneytisins.

Svar forsvarsmanna Brynju við kærunni hefur nú borist en þar segir að kvörtunin hafi snúið að meintum sóðaskap af hundinum og því að Sigurbjörg hafi viðurkennt að hafa brotið húsreglur með því að halda hundinn í íbúðinni.

Sigurbjörg kveðst gangast við því að hafa brotið hinar umdeildu reglur gegn dýrahaldi.

„Já, ég braut húsreglur eins og hinir dýraeigendurnir hér í Hátúni og blokk ÖBÍ að Sléttuvegi.“

Hún hafnar því að óþrifnaður sé af Hrolli, pomeranian-hundi hennar. „Við förum nær daglega á Geirsnef til að hreyfa okkur og ég þríf allt eftir minn hund þó lítið sé.“ **– smj**

# Hjólabúnaður hefur ítrekað plagað sambærilegar flugvélar

**Tvær Bombardier vélar Air Iceland Connect voru kyrrsettar um tíma í síðustu viku vegna bilunar í hjólabúnaði. Sú þriðja nauðlenti í Keflavík 16. nóvember vegna merkis um slíka bilun. Fleiri Bombardier vélar, sömu tegundar og Air Iceland Connect notar í innanlandsflugi, hafa lent í vanda með hjólabúnað.**

**SAMGÖNGUR** Bilun kom upp í tveimur Bombardier vélum Air Iceland Connect í síðustu viku sem tengdist hjólabúnaði vélanna. Auk þess þurfti ein vél fyrirtækisins að framkvæma öryggislendingu á Keflavíkurflugvelli um miðjan síðasta mánuð vegna merkis um bilun í hjólabúnaði.

Árið 2007 lentu þrjár Q400 vélar SAS í óhöppum sem rekja mátti til hjólabúnaðar þeirra. Hjólabúnaðurinn olli því að SAS hætti rekstri vélanna á árinu 2008. Á tímabili voru allar flugvélar sem til voru í heiminum af þessari gerð sem Air Iceland notar nú kyrrsettar af framleiðanda.

Árni Gunnarsson, forstjóri Air Iceland Connect, segist auðvitað alltaf hafa áhyggjur ef eitthvað kemur upp. Hann fullyrðir hins vegar að vélarnar standist allar öryggiskröfur. „Ég myndi ekki segja að það sé hættulegra að fara upp í okkar vélar en hjá öðrum. Flug er öruggur ferðamáti og mikið lagt upp úr gæðum og öryggiskröfum. Farþegar okkar þurfa ekkert að óttast,“ segir Árni. „Við erum með stífar öryggiskröfur og úttektum og eftirliti er háttað eftir því. Miklar kröfur eru gerðar til flugrekenda innan Evrópu og við fylgjum þeim stöðlum. Því eru öryggiskröfur okkar miklar og við stöndum undir þeim.“



**Forstjóri Air Iceland Connect, Árni Gunnarsson, segir vélarnar standast allar öryggiskröfur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bombardier Q400 vélarnar eru notaðar um allan heim. Árni segir atvikin sem komu upp í vélum Air Iceland Connect í síðasta mánuði ótengd því sem komið hafi upp hjá öðrum. „Atvikið í Keflavík til dæmis sýndi að eitthvað væri að, hins vegar var búnaðurinn í fullkomnu lagi. Á Ísafirði var loka, sem á að loka hjólabúnaðinum í flugi, í ólagi og hjólabúnaðurinn því í lagi. Því tengjast þessir atburðir ekki. Þriðja bilunin á Egilsstöðum var í nefhjóli og við fundum út úr þeirri bilun fljótt og vélin er komin í lag.“

Á rúmu ári hafa fjögur óhöpp orðið í Evrópu þar sem lendingarbúnaður Q400 véla hefur verið orsökin. Á þessu ári hefur Flybe, stærsti flugrekandi þessara flugvéla í heiminum, tvisvar lent í óhappi. Þann 10. nóvember nauðlenti vél þeirra í Belfast vegna vandræða í nefhjóli. Þann 23. febrúar brotlenti vél frá þeim á Schipholflugvelli í Amsterdam þar sem hægri hjólabúnaður gaf sig. Einnig var AirBaltic vél snúið við til Riga vegna viðvörunar um að nefhjólabúnaður væri ekki í lagi og framkvæmd var öryggislending.

Flybe á Bretlandseyjum, sem rekur hvað flestar Q400 vélar í heiminum, varði 36% meira fjármagni til viðhalds véla sinna á fyrstu sex mánuðum ársins í samanburði við sama tímabil í fyrra. **sveinn@frettabladid.is**




VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

STUTTUR BIÐTÍMI

Tæknimenn okkar hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Fiat Chrysler Automobiles) og auk þess með áratugareynslu í að sinna öllum almennum **viðgerðum á flestum tegundum bifreiða.**

GERUM VIÐ FLESTAR TEGUNDIR BIFREIÐA

Tímapantanir í síma 534-44 33

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**




KIA

The Power to Surprise

## Veglegur afsláttur og kaupauki fylgja nýjum Kia bílum

Við erum komin í hátíðarskap og höldum jólapakkadaga til **20. desember**. Allir sem kaupa nýjan Kia bíl fá **veglegan afslátt, vetrardekk og 100.000 kr. gjafabréf í Smáralind** sem kemur sér vel fyrir jólin. Með því að snúa lukkuhjólinu okkar áttu möguleika á enn stærri pakka!

**Komdu í Öskju og náðu í þinn jólapakka með 7 ára ábyrgð.**

Niro Hybrid EX með **6 þrepa DCT sjálfskiptingu**

á verði frá:

# 3.890.777 kr.

Verð áður 4.190.777 kr.

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsiceland

# Fjárkúgun en ekki hryðjuverk

**ÞÝSKALAND** Lögregla segir sprengju, sem fannst á jólamarkaði í þýsku borginni Potsdam á föstudag, ekki tengjast hryðjuverkastarfsemi. Þeir sem báru ábyrgð á sprengjunni hafi ætlað að kúga fé út úr þýsku hraðsendingarþjónustunni DHL.

Jólamarkaður í miðborg Potsdam var rýmdur síðdegis á föstudag eftir að yfirvöld fundu grunsamlegan böggul sem lögreglan óttaðist að væri heimagerð sprengja.

Pakkinn grunsamlegi hafði verið sendur í apótek nálægt markaðnum. Starfsmaður tilkynnti málið til lögreglu og var böggullinn gegnumlýstur. Hann innihélt nagla í þúsundatali, vír og rafhlöður.

Við rannsókn fannst enn fremur QR-kóði sem lögregla skannaði. Þá kom í ljós að þeir sem höfðu sent sprengjuna í apótekið hugðust kúga milljónir evra út úr DHL, sem sá um sendinguna. Yrði ekki af greiðslu sögðust þeir ætla að virkja sprengjuna.

Yfirvöld segja fullljóst að pakkinn hafi ekki verið ætlaður jólamarkaðnum og að ekki hafi verið um hryðjuverk að ræða.

Mikill viðbúnaður er í Þýskalandi vegna ótta um hryðjuverkaárásir. Í desember í fyrra létust tólf í hryðjuverkaárás á jólamarkað í Berlín þegar maður ók vörubíl inn í mannþyrpingu á markaðnum. **– kó**

**» Böggullinn innihélt nagla í þúsundatali, vír og rafhlöður.**

# Litla stúlkan fannst látin

**BANDARÍKIN** Lík þriggja ára stúlku frá Norður-Karolínu í Bandaríkjunum fannst í læk um 40 kílómetra frá heimili hennar í Jacksonville í gær. Fósturfaðir hennar var handtekinn vegna málsins á föstudag.

Mariuh Woods hafði verið saknað í eina viku þegar lík hennar fannst en móðir stúlkunnar kvaðst síðast hafa séð hana eftir að hún háttaði hana á sunnudagskvöld fyrir rúmri viku. Umfangsmikil leit hófst að stúlkunni strax á mánudagsmorgun í síðustu viku.

Earl Kimrey, kærasti móðurinnar, var síðan handtekinn á föstudagskvöldið. Hann er grunaður um að hylma yfir dauðsfall og hindra framgang réttvísinnar. Hann er enn í haldi lögreglu og á yfir höfði sér frekari ákærur í málinu. **– smj**

# Svissneskir jólasveinar í svigi



**Hátt í þrjú þúsund skíðaunnendur lögðu leið sína á Verbier-skíðasvæðið í svissnesku Ölpunum og fengu þar ókeypis aðgang að hlíðunum. Skíðamenn þurftu reyndar að koma klæddir sem ýmist jólasveininn eða dýrðlingurinn heilagur Nikulás til að fá ókeypis inn. Það vafðist hins vegar ekki fyrir þessari konu eða ríflega 2.600 öðrum sem nutu sín prúðbúnir í brekkunni og fögnuðu upphafi skíðatímabilsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íbúar segja Strætó fara of hratt

**Íbúar á Stokkseyri eru ekki sáttir við Strætó. Segja vagnana keyra alltof hratt í gegnum þorpið sem skapi stórhættu fyrir íbúa. Upplýsingafulltrúi Strætó lítur málið alvarlegum augum og segir að tekið verði á því.**

**STOKKSEYRI** Nokkurrar óánægju hefur gætt meðal íbúa á Stokkseyri sem segja Strætó ekki virða hraðatakmarkanir. Strætó kemur átta sinnum á virkum dögum á Stokkseyri. „Ástandið hefur verið ansi slæmt mjög lengi og ekkert lagast þó það sé búið að kvarta við Strætó. Íbúarnir sem búa við göturnar sem strætóinn keyrir hafa miklar áhyggjur af hraða bílanna, sérstaklega þar sem gangandi vegfarendur eru og ekki síst þar sem börn eru. Við lítum málið mjög alvarlegum augum,“ segir Guðný Ósk Vilmundardóttir, formaður hverfaráðs Stokkseyrar.

Ráðið sendi inn athugasemd til bæjarráðs Árborgar vegna hraða strætisvagnanna. Í svari ráðsins kemur fram að athugasemdir við akstturslag Strætó sem hafa borist sveitarfélaginu séu sendar Strætó jafnharðan.

Guðný Ósk segir að meirihluti farþega vagnanna séu börn og unglingar á Stokkseyri sem séu að fara í tómstundir á Selfossi og því gangi það ekki að vagnarnir séu keyrðir jafn hratt og raun ber vitni.

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, kannaðist upphaflega ekki við málið, en lét skoða það nánar. „Við skoðuðum gögnin fyrir nokkrar ferðir í gegnum Stokkseyri og í einhverjum tilvikum virðast vagnarnir fara aðeins yfir 30 kílómetra hámarkshraðann sem er á Eyrarbraut. Við lítum það náttúrulega mjög alvarlegum augum ef bílstjórarnir okkar eru að keyra of hratt og við væntum þess að allir bílstjórar Strætó aki sómasamlega og séu til fyrirmyndar í umferðinni. Vagnarnir okkar komast ekki hraðar en 90 kílómetra á klukkustund þegar þeir aka á þjóðvegum landsins, en hins vegar er mikilvægt að bílstjórar gleymi sér ekki þegar komið er inn í þéttbýlið og nauðsynlegt er sýna aukna varkárni,“ segir hann.

Guðmundur Heiðar segir að tekið verði á málinu. „Við munum setja okkur í samband við ökumenn á leið 75 og fara betur yfir málið með þeim.“ **mhh@frettabladid.is**



**Meirihluti farþega vagnanna eru börn og unglingar.**





















Athugið að aukabúnaður á myndum gæti verið annar en á tilboðsbílum.

**250.000 kr. kaupauki fylgir öllum nýjum Golf næstu daga!**

**Bensínkort að verðmæti 120.000 kr.**
**60.000 kr. gjafabréf hjá 66°N**
**Vetrardekk fyrir allt að 70.000 kr.**

# Golf á góðu VWerði!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Nú fylgir kaupauki að verðmæti 250.000 kr. með völdum nýjum bensín og metan Volkswagen Golf sem seldir verða á næstu dögum. Komdu og nýttu þér þetta frábæra tilboð á meðan birgðir endast. Hlökkum til að sjá þig!

**Við látum framtíðina rætast.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Sykursýki 2 dregur sífellt fleiri til dauða

**Nítján Íslendingar létust í fyrra af völdum sykursýki 2. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra er opin fyrir því að leggja á sykurskatt að nýju og vill efla lýðheilsu og forvarnir í heilbrigðismálum. Formaður Félags lýðheilsufræðinga segir mikilvægt að leggja á slíkan skatt til að sporna við neyslu Íslendinga á sykri. Þá hefur landlæknir sagt að hann telji ekki fullreynt með sérstakar álögur á sykur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á tuttugu ára tímabili, frá 1996 til ársloka í fyrra, létust 137 einstaklingar hér á landi af völdum sykursýki af tegund 2 samkvæmt dánarmeinaskrá Landlæknisembættisins. Þar af létust fimmtíu þeirra á síðustu fjórum árum. Dauðsföllum af völdum sjúkdómsins hefur fjölgað hratt síðustu ár og vilja lýðheilsufræðingar að sykurskattur verði lagður á að nýju.

Sykursýki herjar nú á Vesturlönd sem lífsstílstengdur sjúkdómur. Lyfjanotkun við sjúkdómnum hefur aukist um allan hinn vestræna heim á þessari öld. Hins vegar hefur þróunin á Íslandi verið nokkuð hraðari en annars staðar. Sykursýki var nokkuð fátíð hér á landi í byrjun aldarinnar miðað við hin Norðurlöndin en er nú á pari við það sem gerist í Danmörku.

Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, formaður Félags lýðheilsufræðinga, segir mikilvægt að íslensk stjórnvöld bregðist við. „Sykursýki 2 er lífsstílstengdur sjúkdómur og sú mikla sykurneysla sem á sér stað hér á landi er ekki ákjósanleg. Með einhverjum ráðum þurfum við að minnka þessa neyslu því kostnaður heilbrigðiskerfisins af þessari neyslu er orðinn töluverður,“ segir Sigríður og bætir við að sykurskattur væri eitt af stóru skrefunum til að kljást við þetta vandamál.



Svandís Svavarsdóttir er nýtekin við sem heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Kostnaður heilbrigðiskerfisins af þessari neyslu er orðinn töluverður.**
>
> Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, formaður Félags lýðheilsufræðinga



### Dauðsföll vegna sykursýki, tegundar 2

Heimild: Dánarmeinaskrá Landlæknisembættisins




„Félag lýðheilsufræðinga hefur lagt áherslu á að sykurskattur verði lagður á með breyttu sniði. Ef við byrjum á því að skattleggja sykraða gosdrykki og sælgæti myndum við sjá miklar breytingar. Vandamálið með sykurskattinn eins og hann var er að hann lagðist á ósykraða gosdrykki. Svo var hann við lýði í of stuttan tíma til að hægt væri að mæla árangurinn. Við teljum mikilvægt að leggja hann á til að sporna við þeirri þróun sem á sér stað á Íslandi.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra lagði til við síðustu tekjuáætlun að sykurskattur yrði lagður á að nýju og lét hafa eftir sér að sykurskattur væri besta leiðin til að draga úr sykurneyslu. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, samstarfsflokkar VG í ríkisstjórn, lögðu hins vegar sykurskattinn niður og hafa verið mótfallnir þessari tegund skattheimtu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að leggja eigi áherslu á forvarnir og lýðheilsu. Skoðuð verði beiting efnahagslegra hvata til eflingar lýðheilsu. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segist opin fyrir því að taka upp sykurskatt. „Þetta er eitt af því sem við eigum að hafa á dagskrá þegar við ræðum hvernig við beitum hvötum í ríkisfjármálunum.“ **sveinn@frettabladid.is**



# Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS



*Sléttuvegur í Reykjavík samanstendur af hjúkrunarheimili, þjónustumiðstöð og leiguíbúðum fyrir 60 ára og eldri.*



*Skóflustunguna tóku þeir Guðmundur Hallvarðsson, fyrrverandi formaður Sjómannadagsráðs, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra.*

## Ungur má en gamall skal

# Taktu þátt!

*Með þátttöku sinni í Happdrætti DAS hefur fólkið í landinu lyft grettistaki í málefnum aldraðra. Öldruðum fjölgar og biðlistar lengjast svo þörfin á nýjum úrræðum er mikil.*

**Hrein viðbót hjúkrunarrýma**

Ríki og borg hafa ritað undir viljayfirlýsingu við Hrafnistu, dótturfyrirtæki Sjómannadagsráðs, um rekstur hjúkrunarheimilisins og verður það sjöunda Hrafnistuheimilið á suðvesturhorni landsins.

**Þjónustumiðstöð og leiguíbúðir**

Sjómannadagsráð mun byggja, eiga og reka fyrirhugaða þjónustumiðstöð sem samtengd verður Hrafnistuheimilinu og þremur nýjum fjölbýlishúsum Naustavarar með 140 íbúðum sem leigðar verða á almennum markaði fyrir eldra fólk.

**Happdrætti DAS**

Frá upphafi hefur happdrættið lagt Sjómannadagsráði til verulega fjármuni í þessu skyni og mun happdrættið gegna lykilhlutverki í fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda við Sléttuveg.

**Þinn stuðningur skiptir öllu máli. Tryggðu þér miða í Happdrætti DAS.**

30 milljóna króna vinningar á einn miða í desember og janúar. Drögum á fimmtudag.

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Gómsætar jólagjafir

JÓLAGJÖF SÆLKERANS

Veldu milli sjö mismunandi karfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru. Við sjáum um pökkunina þér að kostnaðarlausu.

Frábær jólagjöf til viðskiptavina eða starfsmanna. Kíktu á **ms.is** - einfalt og fljótlegt.





# Blair segir Brexit-liða uppvísa að lygaáróðri

**Fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands segir ljóst að loforð útgöngusinna um stóraukin framlög til breska heilbrigðiskerfisins hafi verið blekkingin ein. Berst fyrir annarri þjóðaratkvæðagreiðslu. Telur að margir hafi skipt um skoðun.**



Tony Blair berst nú fyrir annarri þjóðaratkvæðagreiðslu um Brexit í von um að almenningur í Bretlandi hafi skipt um skoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**BRETLAND** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, krefst þess að gengið verði til annarrar þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Ástæðan sé að stuðningsmenn Brexit hafi verið staðnir að lygaáróðri þegar þeir sögðu að breska heilbrigðiskerfið (NHS) myndi fá 350 milljóna punda innspýtingu á viku við útgönguna. Fjármuni sem þeir hafi fullyrt að Bretar greiddu til Evrópusambandsins í viku hverri.

„Þegar staðreyndir breytast tel ég að fólk hafi rétt á að skipta um skoðun,“ sagði Blair í viðtali við BBC Radio 4 í gær. Blair hefur verið andstæðingur Brexit frá upphafi en sagði að það sem væri að gerast í heilbrigðiskerfi Bretlands væri þjóðarskömm og að augljóst væri að ekki yrði staðið við loforð útgöngusinna um aukin útgjöld til þess.

Blair sagði að það væri nú hans helsta baráttumál að snúa niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar við og halda Bretlandi innan ESB. Hann hafnar því að með því sé hann að fara gegn vilja meirihlutans.

„Margir kusu með Brexit á þeim forsendum að með því að segja skilið við ESB myndi allt þetta fjármagn sparast og við gætum notað það til að styrkja heilbrigðiskerfið. Þetta var mjög afgerandi loforð útgöngusinna. Nú er að mínu mati ljóst að það er ekkert aukafjármagn að fara í heilbrigðiskerfið, raunar er verið að skerða framlög til þess.“

Blair hefur sett á laggirnar nýja stofnun, The Tony Blair Institute for Global Change, sem að sögn breska dagblaðsins The Guardian er að þróa pólitískar hugmyndir öllum þjóðum heims til hagsbóta. Blair hefur verið orðaður við stofnun nýs stjórnmálaflokks í Bretlandi en hann tók fyrir þann orðróm í viðtalinu. Hann teldi það ekki góða hugmynd og vildi mun fremur að Verkamannaflokkurinn, sem hann leiddi um árabil, yrði aftur flokkur almennilegra, nútímalegra og framsækinna stjórnmála.

**mikael@frettabladid.is**




JARÐHITAFÉLAG ÍSLANDS

**Jarðhiti og loftlagsbreytingar**

**Aðalræðukona: Susan Petty - Stofnandi AltaRock Energy**

**Morgunverðarfundur þriðjudaginn 5. desember kl. 08:30-10:00**
**Reykjavík Natura hótel**

**Möguleikar örvaðra jarðhitakerfa til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.**
Susan Petty - CTO & Stofnandi AltaRock Energy

**Skuldbindingar Íslands í loftlagsmálum.**
Helga Barðadóttir, sérfræðingur á skrifstofu hafs, vatns og loftslags hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

**Pallborðsumræður**
Auk fyrirlesara tekur þátt Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður auðlinda hjá Orku náttúrunnar.

Fundarstjóri er Bjarni Richter, jarðfræðingur og sviðstjóri háhita hjá ÍSOR

JHFÍ

# HÖRÐU PAKKARNIR FÁST Í SINDRA

# SINDRI

**TILBOÐ**

## RAFHLÖÐU SKRÚFJÁRN 7,2V

Veltiskrúfjárn Gyroscopic hraðastýringu
sem nær allt að 430 s/m.
Tvær stillingar á handfangi
16 Dýftarstillingar




vnr 94DCF680G2

**20.500** m/vsk
Fullt verð 25.619

**TILBOÐ**

## HLEÐSLUÚTVARP/BLUETOOTH

Útvarp sem er með fjóra hátalara og
tvær bassakeilur.
tengjanlegt með
Bluetooth.



vnr 94DWST1-75659

**54.900** m/vsk
Fullt verð 66.294

**TILBOÐ**

## SLÍPIROKKUR 18V STAKUR

Fyrir 125mm skífur
Afl : 7000sn, 405W
Þyngd: 2,2kg.




vnr 94DCG412N

**24.900** m/vsk
Fullt verð 30.570

**TILBOÐ**

## BORVÉL & SKRÚFVÉL 10,8V

2 X 10,8V rafhlöður og
hleðslutæki fylgir.




vnr 94DCK211D2T

**43.900** m/vsk
Fullt verð 54.930

**TILBOÐ**

## FJARLÆGÐARMÆLIR 30 MTR

Einfaldur og nettur fjarlægðarmælir
sem mælir allt að 30 metra.




vnr 94DW033

**8.900** m/vsk
Fullt verð 13.487

**TILBOÐ**

## BAKPOKI FATMAX

50 hólf fyrir verkfæri.
Vatnsheldur botn.



vnr 93195611

**7.300** m/vsk
Fullt verð 10.453

**TILBOÐ**

## MÁLBAND 5M BARCELONA

Málband 5 metrar
Beltisklemma




vnr 93STHT0-36124

**1.690** m/vsk
Fullt verð 2.291

**TILBOÐ**

## SKRÚFJÁRNASETT TORX

Inniheldur 6 skrúfjárn.



vnr 93065099

**3.500** m/vsk
Fullt verð 4.871

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Meðvirkni



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ný ríkisstjórn er tekin við völdum undir forsæti Katrínar Jakobsdóttur, ungrar og skarpgreindrar konu, sem nýtur vinsælda og virðingar hjá þjóðinni þvert á flokka. Það sýna kannanir okkur í gegnum tíðina svo ekki verður um villst. En þessi nýja ríkisstjórn er engin venjuleg ríkisstjórn enda sett saman þvert yfir hinn pólitíska ás frá hægri Sjálfstæðisflokksins lengst yfir í Vinstri græn með viðkomu á hlaðinu hjá Framsókn. Það er því ekki að furða að myndun ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur hafi ekki gengið átakalaust fyrir sig. Ekki síst ef við höfum í huga að við kjósendur skilgreinum okkur oft pólitískt út frá því sem við erum ekki, styðjum ekki, þolum ekki og viljum ekki.

Það er merkilegt að fæðingarhríðir ríkisstjórnarinnar virðast allar hafa verið í flokki Katrínar á meðan pirringurinn í hægrinu virðist helst hafa brotist út yfir því að fá ekki ráðherrastól þegar þar kom að. Um 200 úrsagnir hafa þegar verið úr VG en í kjölfar ríkisstjórnarmyndunarinnar hafa þó 80 manns skráð sig í flokkinn. Auk þess eru tveir þingmenn innan þingflokksins sem styðja ekki stjórnarsamstarfið heldur hafa í hyggju að velja og hafna í stökum málum eftir eigin sannfæringu hverju sinni.

En hvað veldur þessum átökum? Jú, það er einfaldlega fyrst og fremst saga Sjálfstæðisflokksins með allri sinni spillingu, leyndarhyggju og sérhagsmunabrölti sem leiddi til þess að síðustu ríkisstjórnir með flokknum entust ekki kjörtímabilið að ógleymdu efnahagshruninu. Þessi saga æpir nú ekki beinlínis pólitískur stöðugleiki þannig að þessi andstaða við stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn er ágætlega skiljanleg. Vandinn er hins vegar að það var í raun ekki til staðar skýr kostur frá miðju til vinstri eins og margir vildu láta í veðri vaka.

Í fyrsta lagi er hætt við að hugmyndin um að draga Framsóknarflokkinn og Viðreisn saman í ríkisstjórn hafi í raun verið álíka vænleg til árangurs og að sameina Kópavog og Kópasker. Þarna er einfaldlega of langt á milli. Eftir stóð því möguleikinn á að kippa með Flokki fólksins, reynslulausum með óljósa stefnu í fjölda mála, eða þá Miðjuflokknum með Sigmund Davíð í broddi fylkingar með reynslu og stefnu sem líklega fáum hefði hugnast á vinstri vængnum.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði í Silfrinu á RÚV í gær að það hefði verið óhjákvæmilegt í ljósi stöðunnar að hugsa skapandi við myndun ríkisstjórnar. Það er vafalaust rétt hjá Svandísi en hvort „nálgun Sjálfstæðisflokksins er önnur í ljósi veikari stöðu hans“, eins og hún sagði, er annað mál sem kjósendur eiga eftir að sannreyna. Það er í það minnsta ekki verk samstarfsflokks Sjálfstæðisflokksins að sannfæra kjósendur um að þar sé á ferðinni breyttur og bættur flokkur óháð öllum þeim málum sem kjósendur til vinstri hafa átt erfitt með að sætta sig við. Aðeins Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur getur sannað sig sem nýtt og bætt stjórnmálaafl í siðferðislegu tilliti og aðrir flokkar í þessari ríkisstjórn verða að muna að meðvirkni er engum til góðs.

**Þessi saga æpir nú ekki beinlínis pólitískur stöðugleiki þannig að þessi andstaða við stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn er ágætlega skiljanleg.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Furðuleg klausa**

**Margir stöldruðu við þegar þeir ráku augun í klausu í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar þar sem segir að snúa þurfi af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna en styrkja aðgerðir gegn fíkniefnasölum, innflutningi og framleiðslu fíkniefna. Varsla fíkniefna er vissulega refsiverð á Íslandi, en það er neyslan ekki. Hvergi var þetta mál rætt í kosningabaráttunni og leitun er að þeirri þjóð, af þeim sem við viljum yfir höfuð bera okkur saman við, sem boðar herta refsistefnu í fíkniefnamálum árið 2017.**

**Annasamur Dagur**

**Það hefur verið nóg framboðið af íslenskum stjórnmálamönnum á síðum blaðanna og hinum ýmsu samkomum undanfarið, þar sem alþingiskosningar eru nýafstaðnar og ný ríkisstjórn tekin formlega við völdum. Í gær kveikti borgarstjórinn, Dagur B. Eggertsson, á Óslóartrénu, kynnti opnun nýs heimilis fyrir heimilislausa og endaði svo daginn á að stinga sér til sunds í Sundhöllinni – fyrstur manna eftir að hún var opnuð eftir gagngerar breytingar. Það styttist nefnilega í sveitarstjórnarkosningar.**

**olof@frettabladid.is**

# Á hlaupum undan ábyrgðinni



Áslaug Friðriksdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Borgarstjóri telur sig hafa mikla samúð með heimilislausu fólki. Svo mikla að hann skammar sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur fyrir að fara illa með fólk. Sveitarfélögin hafi ekki byggt nógu mikið af félagslegum íbúðum og að hans mati er ástandið því svona slæmt. Þetta er nokkuð öfugsnúið hjá borgarstjóra. Því ástandið í Reykjavík er eins og aðrir vita bein afleiðing af stefnu hans í húsnæðismálum.

Í Reykjavík hefur íbúðum ekki fjölgað nægilega síðustu árin. Þétting byggðar gengur hægar en áætlað var og hótel spretta upp hraðar en íbúðir. Hundruð íbúða hafa farið í leigu til ferðamanna og horfið þannig út af almennum leigumarkaði sem eykur enn á skortinn. Þrátt fyrir að þetta hafi lengi legið ljóst fyrir hefur þörfum borgarbúa ekki verið sinnt. Borgarstjórnarmeirihlutinn hefur ríghaldið í þéttingaráformin án þess að endurskoða nægilega áætlanir miðað við breyttar forsendur.

Ef nóg væri af íbúðum í borginni væri ekki sama þörf á að fjölga félagslegum íbúðum. Félagslegt húsnæði í Reykjavík er ekki ódýrt húsnæði, leiguverðið fylgir leiguverði á markaði að miklu leyti. Húsaleigubætur og greiðsla sérstakra húsaleigubóta er óháð því hvort fólk býr í húsnæði í einkaeigu, eigu leigufélaga eða í eigu sveitarfélaganna (félagslegu húsnæði). Þetta hafa sveitarfélögin í kring skilið og uppbygging þar hefur verið hraðari en í Reykjavík. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru því ekki í líkingu við það sem er í Reykjavík. Með stefnu sinni hefur meirihlutinn skapað ófremdarástand fyrir allt of margar fjölskyldur sem hafa þurft að grípa til þess örþrifaráðs að sækja um félagslegt húsnæði.

Borgarstjóri ætti því að láta af þeim leiða vana að hlaupast undan ábyrgð, fjarlægja bjálkann úr eigin auga og einsetja sér að gera eins mörgum og hægt er kleift að bjarga sér sjálfum. Sú stefna skilar mun betri árangri en sú sem stunduð er í ráðhúsinu um þessar mundir.

**Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru því ekki í líkingu við það sem er í Reykjavík.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Bankar sameinast í baráttu gegn netglæpum




**Hákon Lennart Aakerlund og Ægir Þórðarson**
sérfræðingar í netöryggi hjá Landsbankanum og Ægir er jafnframt forstöðumaður kerfisrekstrar hjá bankanum

Verslun og hvers kyns bankaviðskipti fara í auknum mæli fram á netinu. Því þarf ekki að koma á óvart að netglæpum fer fjölgandi – þar eru peningarnir og þar sjá glæpamennirnir tækifæri. Áreiðanlegar upplýsingar um heildartjón af völdum netsvika liggja ekki fyrir, enda tilkynna ekki öll fórnarlömb um tjónið. Til marks um umfangið má þó benda á að bandaríska alríkislögreglan (FBI) áætlaði nýlega að frá árinu 2014 hefðu, á heimsvísu, alls 2,3 milljarðar Bandaríkjadala verið sviknir út með einhvers konar netglæpum.

**Ísland er komið á radarinn**
Hér á landi liggja ekki fyrir upplýsingar um heildarfjárhæð tjóns af völdum netglæpa. Það er hins vegar ljóst að Ísland er komið á radarinn hjá erlendum netglæpahópum. Til marks um það er m.a. að svikum sem byggja á fölsuðum fyrirmælum hefur farið fjölgandi. Um miðjan nóvember fengu nokkrir fjármálastjórar íslenskra fyrirtækja tölvupósta sem litu út fyrir að vera frá framkvæmdastjóra viðkomandi fyrirtækis. Í póstinum var spurt hvort tiltekin fjárhæð væri til reiðu á bankareikningi og óskað eftir að hún yrði millifærð á erlendan reikning. Í nokkrum tilvikum féllu viðtakendur í gildruna. Póstarnir voru á íslensku en báru þess merki að hafa verið þýddir úr ensku, líklega með aðstoð Google Translate. Svikum sem þessum hefur fjölgað til muna í Danmörku og það er ljóst að þeim mun einnig fjölga hér á landi. Það er því afar mikilvægt fyrir fyrirtæki að vera vel á verði. Tryggja þarf að öruggir ferlar við millifærslur séu til staðar og að alltaf sé farið eftir þeim – líka þegar póstur eða SMS berst frá framkvæmdastjóra með fyrirmælum um hið gagnstæða. Í sumum þessara tilvika hefur reyndar verið hægt að endurheimta féð en einnig eru dæmi um að fyrirtæki hafi orðið fyrir verulegu tjóni.

Svikatilraunirnar beinast ekki síður að einstaklingum og snúast oft um að ná greiðslukortanúmerum og aðgangsupplýsingum fyrir bankareikninga. Algeng aðferð er að senda fólki tölvupósta sem líta út fyrir að koma frá raunverulegum fyrirtækjum með tilmælum um að fólk slái inn greiðslukortaupplýsingar og öryggisnúmer. Gjalda skal varhug við slíkum póstum því venjuleg, heiðvirð fyrirtæki biðja ekki upp úr þurru um slíkar upplýsingar í tölvupósti. Á Norðurlöndunum hefur einnig borið á þróaðri aðferðum, m.a. tölvuvírusum sem safna aðgangsupplýsingum og auðkennum sem glæpamennirnir geta notað til að fá aðgang að netbönkum. Enn sem komið er hafa slíkir vírusar ekki borist hingað til lands, svo vitað sé.

**Sameinast um aukið netöryggi**
Glæpahópar sem stunda svik á netinu vinna oft saman, illa fengnar upplýsingar ganga kaupum og sölum og þeir láta sig landamæri engu varða. Til að bregðast við þessari ógn er nauðsynlegt að efla alþjóðlegt samstarf og samstarf á milli einstakra landsvæða.

Mikilvægur áfangi í baráttunni gegn netsvikum náðist í apríl sl. þegar þrír norrænir stórbankar, Nordea, DnB og Danske Bank, settu á laggirnar samstarfsvettvang um baráttu gegn netglæpum. Samstarfsvettvangurinn nefnist Nordic Financial CERT og er eins konar fjárhagsleg netöryggissveit norrænna fjármálafyrirtækja. Síðan þá hefur fjöldi banka og tryggingafélaga bæst í hópinn og í nóvember gekk Landsbankinn í samtökin, fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja. Fyrirtæki sem eru aðilar að samtökunum skiptast á viðeigandi upplýsingum um hvers kyns tilraunir til fjársvika á netinu og hvernig megi verjast þeim. Reynslan sýnir að netárásir eru gjarnan umfangsmiklar og beinast sjaldnast aðeins að einu fyrirtæki eða einu landi og því er afar mikilvægt að upplýsingar um netsvik og tölvuárásir berist hratt og örugglega.

**Hagsmunamál fyrir allt samfélagið**
Samstarfið á vettvangi Nordic Financial CERT bætist við annað öryggissamstarf. Landsbankinn er t.a.m. virkur þátttakandi í samstarfi öryggishóps norrænna banka sem funda vikulega. Á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) starfar sömuleiðis hópur sem hefur þann tilgang að sameina krafta íslenskra banka í baráttunni við netglæpi. Það er engu að síður ljóst að tilkoma Nordic Financial CERT eflir mjög getu norrænna fjármálafyrirtækja til að berjast gegn netglæpum – og ekki veitir af. Sú barátta er mikilvæg fyrir fjármálafyrirtækin, viðskiptavini þeirra og samfélagið allt.

Að lokum viljum við nota tækifærið og benda á að á Umræðunni, efnis- og fréttaveitu Landsbankans, er ítarleg umfjöllun um hvernig hægt er að bera kennsl á og verjast svikatilraunum á netinu.

> **Það er hins vegar ljóst að Ísland er komið á radarinn hjá erlendum netglæpahópum.**

HANDBÓK UM MINNI OG GLEYMSKU EFTIR RAGNAR HELGA ÓLAFSSON

TIL HAMINGJU!






HVER BÓK INNSIGLUÐ Í HÖNDUNUM!

Bréfaskipti fyrrverandi elskenda, furðuleg ökuferð um úthverfi Reykjavíkur, harðar deilur í húsfélagi, flóttatilraun drengs úr sveit, kjarnorkusprengjur, skjaldarmerki og engiferrætur.

Ragnar Helgi Ólafsson fer á kostum í bók sem einkennist af húmor og heimspeki, fegurðarþrá og frásagnargleði. Og svo er bókin að auki glæsilegur prentgripur!

*Handbók um minni og gleymsku* er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning

BJARTUR

# Norðurslóðir eru lykilsvæði



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður VG

**Nú taka Finnar við formennsku í Norðurskautsráðinu og síðan Ísland 2019.**

Við segjum gjarnan að loftslagsmálin séu gríðarlega mikilvæg og enn fremur að þar leiki norðurslóðir stórt hlutverk. Nú um stundir er hlýnun loftslags hér norður frá meira en tvisvar sinnum hraðari en sunnar á hnettinum. Ein skýring þess er hratt minnkandi snjóþekja og minni hafísþekja en var í marga áratugi á 20. öld. Hvítt yfirborð endurvarpar sólgeislun að stórum hluta en dökkt land og grátt haf miklum mun minna.

Áherslur okkar á mikilvægi norðursins og á lífsskilyrði fjögurra milljóna íbúa endurspeglast í vinnu og fé sem ríkið leggur í samstarf landanna í norðri (8), undir forystu Norðurskautsráðsins. Þar sitja fulltrúar stjórnvalda og frumbyggjasamtaka, auk margra áheyrnarfulltrúa ríkja og samtaka. Fulltrúar þjóðþinga koma að vinnu ráðsins í gegnum þingmannaráðstefnu norðurslóða. Þaðan berast ályktanir og tillögur til Norðurskautsráðsins. Íslenska nefndin er skipuð þremur þingmönnum og hef ég leitt hana undanfarið. Með nýrri ríkisstjórn er endurkosið í nefndina.

Íslenska nefndin hefur beitt sér fyrir því t.d. að lögð sé áhersla á baráttuna gegn hröðum loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, á sjálfbærni, vistkerfi og súrnun sjávar, talað fyrir jafnrétti kynja, réttindum frumbyggja til náttúrunytja og fyrir samvinnu í velferðarmálum. Á yfirstandandi ári hafa svo bæst við tillögur um að kanna möguleika á frumbyggjaskóla. Með því er átt við námskeið fyrir opinbera starfsmenn, stjórnmálamenn, fjölmiðlafólk, skólafólk og t.d. sérfræðinga þar sem frumbyggjar kenna sín fræði um náttúrunytjar, sýn á umhverfið og siðfræði, menningu og lífshætti. Enn fremur hefur verið lagt til að koma íslenskri þekkingu og skipulagningu á nýsköpun til vegs í norðrinu og nýta kunnáttu og reynslu Íslendinga af starfi meðal ungs fólks gegn reykingum, drykkju og fíknefnanotkun sem hefur borðið verulegan árangur. Tillögum og þessum hugmyndum hefur verið vel tekið.

Á yfirstandandi ári hafa fundir á vegum þingmannanefndarinnar verið skipaðir formönnum landsnefnda eða fulltrúum þjóðþinga, fulltrúa Evrópuráðsins og áheyrnarfulltrúum Norðurlanda- og Vestnorden-ráðanna. Á næsta ári verður haldin ráðstefna fullsetinna nefnda og annarra fulltrúa í Finnlandi og þá gengið á fjölmörgum tillögum til vinnuhópa og ráðherranefndar Norðurskautsráðsins þar sem unnt er að raungera vilja þingmannanna eftir því sem tekst og verkast.

Nú taka Finnar við formennsku í Norðurskautsráðinu og síðan Ísland 2019. Vinna þingmannanefndanna er mjög mikilvægur liður í að tengja þjóðþingin beint við ráðið.

# Áreitni 101



**Halldóra Gunnarsdóttir**
brotaþoli kynferðislegs ofbeldis og verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi

**Ég er svo vön að vera áreitt, og það er bara einhvern veginn hluti af því að vera kona en það er algjörlega óþolandi.**

Ég sat með vinkonu minni á kaffihúsi um daginn og við vorum að spjalla. Já, ég veit að þetta er lygileg byrjun á grein en þetta er samt dagsatt. Þar sem við sátum í 101 og drukkum espresso macchiato (allir hættir í latte) þá barst talið að #metoo.

Hún sagði: Ég sá á Facebook að þú tókst þátt í #metoo. Já, svaraði ég að bragði, ég hef orðið fyrir kynferðislegri áreitni oftar en ég fæ tölu á komið… var barn, já líklega 6 ára þegar það gerðist í fyrsta skipti (auðvitað var það kynferðislegt ofbeldi en þegar tvær konur sitja á kaffihúsi og tala saman þá þarf ekki endilega að skilgreina allt). En þú hefur þú ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni? spyr ég. Neeei, ég hef aldrei orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Nú svaraði ég: Hefur aldrei neinn misst stjórn á höndunum í þinni návist? Hefur aldrei neinn dottið á brjóstið á þér? Hefur aldrei neinn þurft að fálma sig áfram í þrengslum þétt upp að þér? Hefur aldrei neinn slöngvað tungunni upp í þig? Hefur aldrei neinn látið kynferðislegar athugasemdir falla sem þig langaði ekki að heyra og sagt svo bara djók eða bara alls ekki neitt því allir eiga jú rétt á því að tjá sig? Hefur aldrei neinum fundist að þú hefðir gott af því að fá einn grjótharðan inn í þig, þú myndir bara slaka á við það? Ég var ekkert æst sko, ég var alveg pollróleg og hún líka, þetta var alveg svona næðisstund. Þar sem við sátum í kyrrðinni hvor á móti annarri og ég þuldi þetta upp, þá lyftust augnabrúnirnar á vinkonu minni og það kviknaði ljós í augunum og hún fölnaði aðeins.

Andskotinn, sagði hún, ég sem var að svara Gallup að ég hefði aldrei orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Ég verð bara að hringja og leiðrétta þetta, sagði hún og hló. Hláturinn var blanda af hlátri þess sem er að uppgötva einhver afar óþægileg sannindi með smá skammti af sjálfshæðni. Jú, sagði hún svo, ég hef lent í öllu þessu sem þú lýsir og svo margoft. Hvað var ég eiginlega að pæla þegar ég svaraði neitandi? Málið er hreinlega að ég er svo samdauna þessu, við erum öll samdauna þessu. Ég er svo vön að vera áreitt, og það er bara einhvern veginn hluti af því að vera kona en það er algjörlega óþolandi, að þurfa alltaf að vera á varðbergi, að þurfa alltaf að vera hrædd þegar ég labba ein heim, að þurfa alltaf að vera tilbúin í að svara á einhvern töff hátt sem segir í raun þegiðu en er samt ekki svo dónalegt að það eyðileggi „vináttuna“ við yfirmanninn, samstarfsmanninn eða mann vinkonunnar.

Vinkona mín fattaði strax um hvað þetta snérist, ég þurfti ekkert að stafa það ofan í hana, hún er alveg klár. Auðvitað eigum við ekki að þurfa að láta þetta yfir okkur ganga, hélt hún áfram. Ég rétt slapp meira að segja einu sinni við nauðgun og það var bara vegna þess að vinkona mín kom aðvífandi og okkur tókst síðan að bjarga okkur á flótta og þegar ég vann á bar, þá fór jafn mikill tími í að berja frá mér menn sem þóttust eiga rétt á líkama mínum og í að reiða fram drykki.

Í landinu sem er með mesta jafnréttið, þá er í íþróttafréttum fjallað um fótbolta og kvennabolta. Í sögubókum er fjallað um nafngreinda karlmenn en nafnlausar konur, í auglýsingum eru líkamar kvenna hafðir upp á punt. Það eru til kallalaunaumslög og kvennalaunaumslög og já, það er til Kvennaathvarf á Íslandi því að konur þurfa að flýja barsmíðar með börnin sín og já, það dvöldu 79 börn í athvarfinu á síðasta ári. Í 70% útkalla sem félagsráðgjafar þjónustumiðstöðvanna í Reykjavík fara í vegna heimilisofbeldis eru börn á heimilinu.

Við þurfum að breyta þessu öllu því ójafnrétti á einu sviði smitar yfir á annað. Ég vona að allir, eins og vinkona mín, sjái ljósið og hafi kjark, greind og vilja til að breyta… og talandi um kjark, þá eigum við þessa vakningu, sem við erum núna stödd í, engum meira að þakka en hugrökkum konum sem hafa stigið fram og sagt sannleikann í andstreymi þöggunar. Höfum öll hátt… með þeim.







VA ARKITEKTAR

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

ÍSTAK

**AÐEINS ÞRÍR SKORAÐ MEIRA**
Alfreð Finnbogason skoraði tvö marka Augsburg í 1-3 sigri á Mainz í þýsku úrvalsdeildinni á laugardaginn. Augsburg hefur unnið þrjá af síðustu fimm leikjum sínum og situr í 7. sæti deildarinnar. Alfreð hefur skorað átta mörk í vetur en aðeins Robert Lewandowski (14), Pierre-Emerick Aubameyang (11) og Kevin Volland (9) hafa skorað fleiri mörk.



**TITILVÖRNIN BYRJAR VEL**
Norska kvennalandsliðið í handbolta, sem Þórir Hergeirsson þjálfar, hefur unnið báða leiki sína á HM í Þýskalandi sem hófst á föstudaginn. Norsku stelpurnar unnu Ungverjaland 30-22 á laugardaginn og í gær rúlluðu þær yfir Argentínu, 21-36. Noregur á titil að verja og byrjunin á mótinu lofar góðu hjá þeim norsku. Næsti leikur Noregs er gegn Póllandi á morgun.





Óðinn Þór Ríkharðsson reynir skot að marki Tatran Presov. Hornamaðurinn snaggaralegi skoraði sex mörk í leiknum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BJARNI




# Úti er Evrópu-ævintýri

**FH er úr leik í EHF-bikarnum þrátt fyrir þriggja marka sigur, 26-23, á Slóvakíumeisturum Tatran Presov á laugardaginn. Þjálfari FH var stoltur af sínu liði.**

**HANDBOLTI** Eftir sex leiki og eina fræga vítakeppni, kærumál og mikið mótlæti er þátttöku FH í EHF-bikarnum í handbolta þetta tímabilið lokið. FH vann Tatran Presov frá Slóvakíu, 26-23, í seinni leik liðanna í 3. umferð keppninnar í Kaplakrika á laugardaginn. Það dugði þó ekki til því Slóvakarnir, sem unnu fyrri leikinn á sínum heimavelli 24-21, fóru áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Afar svekkjandi niðurstaða fyrir FH-inga sem sýndu í leiknum á laugardaginn hversu langt þeir eru komnir. Tatran Presov hefur orðið meistari í heimalandi sínu síðustu 11 ár, verið fastagestur í Meistaradeild Evrópu undanfarin ár og situr í 3. sæti hinnar gríðarsterku SEHA-deildar, Meistaradeildar Austur-Evrópu. Tatran Presov er til að mynda ofar en lið eins og Meshkov Brest, Celje Lasko og Metalurg.

FH-ingar voru tveimur mörkum undir í hálfleik, 11-13, og snemma í seinni hálfleik var munurinn orðinn fjögur mörk, 12-16. Tatran Presov spilaði af skynsemi; langar og hægar sóknir sem reyndu á þolinmæði FH-inga og fjölmargra stuðningsmanna liðsins sem fjölmenntu í Kaplakrika.

Fjórum mörkum undir og í afar erfiðri stöðu stigu Hafnfirðingar á bensíngjöfina, skoruðu sjö mörk gegn engu og komu sér í lykilstöðu. Lokakaflinn var þrælspennandi. FH fékk tækifæri til að komast fjórum mörkum yfir í lokasókn sinni en Mario Cvitkovic varði skot Óðins Þórs Ríkharðssonar úr hægra horninu. Slóvakarnir héldu boltanum út leiktímann og fögnuðu vel og innilega eftir að lokaflautið gall.

„Ég er gríðarlega glaður með mína menn. Þeir voru geggjaðir. En ég er gríðarlega svekktur með úrslitin,“ sagði Halldór Sigfússon, þjálfari FH, sem var langt frá því að vera sáttur við frammistöðu dómaraparsins frá Króatíu á lokamínútunum.

„Það þarf að skoða síðustu fimm mínúturnar í þessum leik. Hvernig geturðu verið 45 sekúndur í síðustu sókninni þegar það er verið að spila framliggjandi vörn og það er ekki eitt fríkast dæmt? Ég átta mig ekki á því. Þetta er það sem er að eyðileggja fyrir okkur. Ég ætla ekki að gráta endalaust en það er ýmislegt búið að ganga á hjá okkur í þessari Evrópukeppni. En það sem drepur okkur ekki hlýtur að styrkja okkur. Drengirnir voru frábærir og spiluðu þannig að þeir áttu skilið að fara í riðlakeppnina,“ sagði þjálfarinn enn fremur.

FH-ingar gerðu auðvitað sín mistök í leiknum á laugardaginn, fóru illa með mörg dauðafæri, sérstaklega í upphafi leiks þegar þeir gátu náð afgerandi forskoti.

Frammistaða FH í leiknum á laugardaginn, og heilt yfir í EHF-bikarnum, var oftast góð og á löngum köflum framúrskarandi. Og á henni geta FH-ingar byggt. ingvithor@365.is

> **Það sem drepur okkur ekki hlýtur að styrkja okkur. Drengirnir voru frábærir.**
> Halldór Sigfússon, þjálfari FH

## Erfitt að líta fram hjá Ágústi Elí

Ágúst Elí Björgvinsson, markvörður FH, var besti leikmaður liðsins í seinni leiknum gegn Tatran Presov. Hann varði 16 skot, þar af tvö víti, og var með 41% hlutfallsmarkvörslu. Ágúst Elí hefur átt afar gott tímabil með FH og nýtti sitt tækifæri í seinni vináttulandsleiknum gegn Svíum í október vel.

Halldór Sigfússon, þjálfari FH, er að vonum ánægður með Ágúst Elí og segir að það verði erfitt fyrir landsliðsþjálfarann Geir Sveinsson að horfa fram hjá honum þegar hann velur íslenska hópinn sem fer á EM í Króatíu í byrjun næsta mánaðar.



„Ef hann horfir á getu og frammistöðu síðustu mánaða verður það erfitt. Þá verða aðrir hlutir sem spila inn í. Mér finnst hann hafa verið frábær og hann hefur þroskast mikið og er kominn lengra,“ sagði Halldór um Ágúst Elí sem hefur spilað með FH allan sinn feril.

„Hann þarf að halda dampi, sinni þróun áfram og halda haus. Ég er búinn að tala mikið við hann um það. Ef hann gerir það eru honum allir vegir færir,“ bætti Halldór við.

# Fólk

Jól

MÁNUDAGUR 4. DESEMBER 2017



„Allt í allt eru þetta um 50 flytjendur og við ætlum að flytja jólaperlur úr ýmsum áttum, bæði íslenskar og erlendar," segir Lilja Eggertsdóttir (t.h.), listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Með henni er einn þriggja flytjenda tónleikanna, Auður Gunnarsdóttir sópran. MYND/ANTON BRINK

# Ljúfir jólatónar

Sjöttu tónleikar tónleikaraðarinnar Á ljúfum nótum fara fram næsta fimmtudag í Fríkirkjunni í Reykjavík. Að þessu sinni verða þeir til styrktar kviðarhols- og þvagfæraskurðdeild Landspítalans 13E/G. Tónlistarkonan Lilja Eggertsdóttir hefur verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar frá upphafi. →2





„Fjölmargir hafa komið fram á hádegistónleikum okkar undanfarin ár og úr ýmsum áttum," segir Lilja Eggertsdóttir (t.h.). MYND/ANTON BRINK

Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Árlegir jólatónleikar tónleikaraðarinnar Á ljúfum nótum verða haldnir í hádeginu fimmtudaginn 7. desember, í Fríkirkjunni í Reykjavík. Að þessu sinni er yfirskrift jólatónleikanna Með helgum hljóm og eru þeir haldnir til styrktar kviðarhols - og þvagfæraskurðdeild Landspítalans 13 E/G.

Tónlistarkonan Lilja Eggertsdóttir hefur verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar frá upphafi en hún hóf göngu sína árið 2012. Á tónleikum á fimmtudaginn mun hún auk þess stjórna kvennakórnum Concordia, leiða hljómsveitina ásamt því að spila á píanó með einsöngvurunum. „Styrktartónleikarnir munu standa yfir í um 45 mínútur og gefa allir flytjendur vinnu sína. Allt í allt eru þetta um 50 flytjendur og við ætlum að flytja jólaperlur úr ýmsum áttum, bæði íslenskar og erlendar, m.a. Klukknanna köll, eða Carol of the bells sem er þekkt úr jólamyndinni Home alone, Aðfangadagskvöld eftir Gunnar Þórðarson, sænska jólalagið Koppången, Let it snow, It's the most wonderful time of the year, Ó Helga nótt og fleiri yndisleg jólalög."

### Sjöttu tónleikarnir

Flytjendur verða Auður Gunnarsdóttir sópran, Þorbjörn Rúnarsson tenór og Bjarni Thor Kristinsson bassi. Auk þeirra og Lilju syngur kvennakórinn Concordia á tónleikunum og sjö manna hljómsveit leikur undir.

Þetta eru sjöttu jólatónleikarnir sem haldnir eru til styrktar góðu málefni og í fimmta sinn sem hópurinn styrkir Landspítalann að sögn Lilju. „Áður höfum við styrkt Hjálparstarf kirkjunnar, fæðingardeildina, krabbameinsdeild 11E, Hjartagáttina, bráðamóttökuna og núna í ár kviðarhols- og þvagfæraskurðdeild 13 E/G. Við reynum að hafa að markmiði að styrkja deild sem er ekki alltaf verið að styrkja."



Þorbjörn Rúnarsson tenór



Bjarni Thor Kristinsson bassi

**„Tónleikahald er alltaf stór hluti af aðventunni hjá mér, fyrir utan annað spil. Utan þess hef ég mjög gaman af því að baka, þá sérstaklega smákökur og lagtertur, og gleðja kollega og þá nánustu í kringum mig.**

### Fjölmargir komið fram

Lilja stofnaði tónleikaröðina Á ljúfum nótum árið 2012. Það sem vakti fyrir henni var að bjóða öllu tónlistarfólki upp á möguleika til að koma fram og flytja eigin verkefni þar sem m.a. húsnæði væri frítt og um leið staðsett miðsvæðis. „Markmiðið var líka að bjóða upp á mjög aðgengilega aðstöðu fyrir tónlistarmenn, bæði til að flytja verkefni sín og til að halda sér í formi. Annað markmið er að bjóða upp á tónleikaröð þar sem tónlistarmenn koma úr flestum stéttum tónlistar og flytja ólíka tónlist eins og til dæmis djass og klassík."

Þriðja markmiðið er að efla þá menningu að sækja hádegistónleika segir Lilja. „Að sú hefð skapist að fólk geti leyft sér að njóta tónlistar í hádeginu í stutta stund, þar sem ekki allir hafa tök á að því að komast út á kvöldin eða á öðrum tíma dagsins og vikunnar. Fjölmargir hafa komið fram á hádegistónleikum okkar undanfarin ár og úr ýmsum áttum, þó aðallega klassíska og djassbransanum."

### Annasamur tími

Mikið verður um tónleikahald hjá Lilju fram að jólum enda vinnur hún við tvo tónlistarskóla sem meðleikari og söngkennari. „Tónleikahald er alltaf stór hluti af aðventunni hjá mér, fyrir utan annað spil. Utan þess hef ég mjög gaman af því að baka, þá sérstaklega smákökur og lagtertur, og gleðja kollega og þá nánustu í kringum mig. Einnig ætlum við skötuhjúin að skella okkur í konfektgerð með tengdó og sörubakstur með vinafólki og þá er alltaf spilað borðspil, svona til að hita upp fyrir hátíðina enda mikið keppnisfólk í fjölskyldunni. Annars byrjaði ég aðventuna með því að skella mér á dásamlegan bókauppléstur á bókasafni Mosfellsbæjar sem var þéttsetinn en þar komu fram fimm rithöfundar. Þannig að ég er mikið spennt að njóta þess að lesa góða bók um jólin og næla mér í einn konfektmola inni á milli."

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Ný og glæsileg verslun í Hamraborg

Við erum með veipur (rafrettur), vökva og aðra fylgihluti í miklu úrvali

Opnunartími:
Mán. til fös. 10 til 22
Laug. 12 til 20
Sun. 12 til 18

18 ára aldurstakmark

Pókan VAPE SHOP

Hamraborg 14a, 200 Kópavogi

ÞAÐ ERU ALLIR VELKOMNIR

ALLA SUNNUDAGA KL. 20:00

VIÐ HVERJU MÁTTU BÚAST?
Samkoman er í kringum klukkustund
Kröftug lofgjörðar tónlist
20-30 mín. prédikun
Fyrirbæn fyrir þá sem vilja

VEGURINN FRÍKIRKJA

VEGURINN | SMIÐJUVEGUR 5 | 200 KÓPAVOGUR

Fasteignir.is

Vísir.is Fréttablaðið

49. TBL. MÁNUDAGUR 4. DESEMBER 2017

heimili fasteignasala – á traustum grunni


Bogi Pétursson lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali


Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali


Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir


Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð


Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222


Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356


Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166


Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.


Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477


Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
893 4718


Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778


Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083


Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali.
Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115

Framúrskarandi fyrirtæki 2015-2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

# Stórglæsileg tvíbýlishús

**Húsanes kynnir glæsilegar og vandaðar lúxuseignir í fjölskylduvænu umhverfi í Reykjanesbæ. Sölusýning í dag og á morgun milli 17 og 19.**


Heitur pottur getur fylgt öllum eignum

Byggingarverktakinn Húsanes, sem hefur byggt um 1.500 íbúðir á 38 ára ferli, er um þessar mundir að leggja lokahönd á byggingu stórglæsilegra tvíbýlishúsa að Leirdal 29-37 í hjarta Dalshverfis í Reykjanesbæ. Þetta er afar friðsælt og fjölskylduvænt hverfi þar sem skólar og leikskólar eru í göngufæri. Um er að ræða fullbúnar lúxuseignir með öllum gólfefnum og hægt er að fá heitan pott með öllum eignum.

Eignirnar eru sérstaklega vandaðar með sérsmíðuðum innréttingum og graníti á borðum. Stórar 60x60 flísar á öllum gólfum ásamt gólfhita. AEG heimilistæki og LED lýsing innan- og utan dyra í öllum eignum. Jarðhæðinni fylgir 58 m² sólpallur og efri hæðinni fylgir fullbúinn flísalagður bílskúr og 67,5 m² þaksvalir. Garður er fullfrágenginn. Bílastæði eru hellulögð með hitalögn í gönguleið ásamt upplýstum blómakerum og náttúrusteini. Jarðhæðin er 120 m² og efri hæðin 133,8 m² með bílskúr. Allar eignir eru 4 herbergja.

Verð eigna er 47 milljónir. Möguleiki er á viðbótarfjármögnun frá seljanda.

Afhending frá desember 2017 og nánari upplýsingar má finna á husanes.is eða hjá Eignasala.is í síma 420-6070 (eignasala@eignasala.is) og Sigrúnu Sigurðardóttur hjá Þingholti í síma 773-7617 (sigrun@tingholt.is).

Sölusýning verður að Leirdal 35 í dag og á morgun frá kl. 17.00 –19.00. Allir hjartanlega velkomnir í kaffi og konfekt, húsin standa við bláan byggingarkrana.

Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Gerplustræti 18 - 270 Mosfellsbær







Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 108 m2, 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á efstu hæð í fjölbýlishúsi, ásamt bílastæði í köldum bílakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi/þvottaherbergi, eldhús, tvö svefnherbergi, sjónvarpsstofu(hægt að breytar í svefnherbergi) og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Fallegar innréttingar með granít borðplötum Fallegt harðparket og flísar á gólfum. **V. 42,5 m.**

## Miðholt 4 - 220 Hafnarfjörður






Opið hús þriðjudaginn 5. desember frá kl. 17:00 til 17:30

Fallegt og vel staðsett einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr innarlega í litlum botnlanga. Húsið er skemmtilega hannað með stórum gluggum. Glæsilegt útsýni yfir Hvaleyrarvöll, til sjávar, að Snæfellsjökli, Reykjanesi og víðar. Bílaplan er hellulagt með hitalögn. Timburverönd í suðvestur og er lóðin að mestu náttúruleg með trjám og grjóti. Eignin er skráð 199,2 m2, þar af íbúðarrými 175 m2 og bílskúr 24,2 m2. Stutt á er á golfvöllinn, skóla og leiksskóla. Bilskúrinn er í dag notaður sem íbúðarrými sem gefur möguleika á leigutekjum. **V. 79,9 m.**

## Laufrimi 16 - 112 Rvk.



Falleg 84,5 m2, 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð með timburverönd og afgirtum garði. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu, stofu og eldhús með borðkrók. Sérgeymsla í sameign. **V. 39,9 m.**

## Breiðvangur 7 - 220 Hfj.




Rúmgóð 98,9 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 36,9 m.**

## Klapparhlíð 11 - 270 Mos.



Falleg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. Svalir í suðvestur. **V. 33,5 m.**

## Tröllateigur 41 - 270 Mosfellsbær




150 m2, 5 herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð við Tröllateig 41 í Mosfellsbæ.

Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.

Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt er í alla þjónustu.

**V. 49,9 m.**

## Undraland - 270 Mosfellsbær




244 m2 endaraðhús á þremur hæðum. 1. hæðin skiptist í forstofu, geymslu/vinnurými, eldhús, stofu og borðstofu. 2. hæðin skiptist í baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Kjallarinn skiptist í þvottahús, salerni, sjónvarpshol, herbergi og sólstofu. Húsið stendur í útjaðri byggðar í Reykjahverfi í Mosfellsbæ og náttúran fyrir utan dyrnar.

**V. 55,0 m.**

## Vefarastræti 11 - 270 Mosfellsbær




Ný 85,2 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi með bílastæði í bílageymslu við Vefarastræti 11 í Mosfellsbæ.

Íbúðin skilast fullbúin með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð.

**V. 39,9 m.**

## Laufengi 29 – 112 Reykjavík




Opið hús þriðjudaginn 5. desember frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg og vel skipulögð 79,5 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með timburverönd .

Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi/þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og geymslu.

Þetta er mjög góð staðsetning, stutt er í grunn- og leikskóla og á golfvöll.

**V. 38,9 m.**

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

**520 9595**

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Hafdís | Sigurður | Dórothea | Þorsteinn | Jóhanna Kristín | Árni Ólafur | Berglind | Jón Gunnar | Þóra | Sigríður | Garðar | Hrönn | Alexander | Halla | Þorgeir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sölustjóri | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Sölufulltrúi | Fasteignasali | Fasteignasali |
| 820 2222 | 898 6106 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 893 4416 | 694 4000 | 848 7099 | 822 2225 | 699 4610 | 899 8811 | 692 3344 | 695 7700 | 659 4044 | 696 6580 |

## Langalína 11 — 210 Garðabæ — 63.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 5. des. kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 127,9 m²

Glæsilega 3ja herbergja íbúð í lyftuhúsi með stæði í bílakjallara. Fallegt gólfefni á henni allri, eikar innréttingar og hurðir og granít á borðum í eldhúsi og baðherbergi. Gólfhiti er í íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi annð með fataherbergi og hitt með fataskáp. Rúmgott baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, flísalagt í hólf og gólf. Þvottaherbergi innan íbúðar með góðri innréttingu og vinnuaðstöðu. Aðalrými með eldhúsi, borðstofu, sjónvarpsholi og stofu með gólfsíðum gluggum og flísalagðar svalir. Gólfhiti er í íbúðinni og mynddyrasími. Sameign og húsið allt hið glæsilegasta.

**Upplýsingar veitir Jón Gunnar sölufulltrúi í gsm: 848 7099**

## Þóroddarkot 8 — 225 Garðabæ — 98.500.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 4. des. kl.17:30-18:00**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 253 m²

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð á góðri hornlóð í botnlanga. Um er að ræða fallegt fjölskylduhús sem skiptist í forstofu, eldhús, aðalrými með borðstofu, stofu og sjónvarpsholi, þvottaherbergi, gestasalerni, 4 svefnherbergi, aðalbaðherbergi, og rúmgóðum bílskúr, 32,1fm. Falleg gólfefni, flísar og parket í húsinu. Hurðar og innréttingar úr kisjuberjavið. Vönduð tæki í eldhúsi, gaseldavél og ofn. Í aðalrými er hátt til lofts og innfeld halogen lýsing og fallegur arin. Útgengt út í garð á mörgum stöðum úr húsinu, timburverönd að hluta og fallegur garður í góðri rækt. Stór eignalóð, 1.039,5fm. Afgirtu pallur með dúkkuhúsi, rólum og sandkassa.

**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Brúnás 5 — 210 Garðabæ — 124.900.000



**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 898-6106**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 245,5 m²

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð með 4 góð svefnherb., stórum sólpalli, og innbyggðum bílskúr. Í húsinu eru 3 barnaherb., hjónasvíta, 3 baðherb., stórt aðalrými með stofu og borðstofu, og glæsilegt eldhús með borðkrók. Mikil lofthæð, innfeld lýsing, Ban & Olufsen hljókerfi m/innbyggðum hátölurum, ljósastýring. Glæsilegt fjölskylduhús! **Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Grettisgata 83 — 101 Reykjavík — 64.900.000



**Opið hús þriðjudaginn 5. nóv. kl. 17:30-19:00**

**Herbergi:** 6 **Stærð:** 146,3 m²

Tvær íbúðir - ein skráning! Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð auk 2ja herb. íbúðar í kjallara. Stutt í skóla og sund og alla þjónustu í miðbænum. Aðalíbúð skiptist í eldhús, stofu, 3 svefnherb. og endurnýjað baðherberb.

**Upplýsingar veitir Jóhanna Kristín fasteignasali í gsm: 698 7695**

## Andrésbrunnur 5 — 113 Reykjavík — 39.900.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 5. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 96,1 m²

Falleg og rúmgóð 3ja herb íbúð með suðursvölum á efstu hæð. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir með. Þetta er góð fjölskylduíbúð í snyrtilegu lyftuhúsi. Stutt er í skóla, leikskóla og út í fallega náttúru. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Klapparstígur 3 — 101 Reykjavík — 38.900.000



**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 62,2 m²

Björt 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í snyrtilegu lyftuhúsi ásamt sérmerktu stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, stofu, eldhús og rúmgott svefnherbergi. Gólfefni eru parket og flísar. Húsvörður. Íbúðin er laus til afhendingar.

**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Berjarimi 36 — 112 Reykjavík — 36.500.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 5. des. kl. 17.30-18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 89,0 m²

*Afhendist við kaupsamning*Björt 3ja herb. endaíbúð á 2.hæð með sérinngangi, neðst í rólegum botnlanga. Fallegt útsýni. Gluggar á þrjá vegu. Geymsluloft yfir allri íbúðinni. Þvottahús innan íbúðar. Frá stofu eru svalir í suðvestur. Göngustígur liggur beint í Rimaskóla frá hverfinu.

**Upplýsingar veitir Dórothea fasteignasali í gsm: 898 3326**

## Hafnarstræti 100 — 600 Akureyri — 24.500.000



**HRINGDU OG BÓKAÐU SKOÐUN.**

**Herbergi:** 2 **Stærð:** 52 m²

Fasteignasalan TORG kynnir: Góða tveggja herbergja íbúð í Hafnarstræti 100, miðbænum, með útsýni yfir göngugötuna. Hafnarstræti 100, góð tveggja herbergja íbúð á annarri hæð „downtown" Akureyri. Allt innbú getur fylgt með, íbúðin er í skammtímaleigu í dag og góðar bókanir fyrirliggjandi. Erum einnig með íbúð 0201 í sama húsi á söluskrá.

**Upplýsingar veitir Þorsteinn fasteignasali í gsm: 694 4700**

## Hörðukór 1 — 203 Kópavogur — 56.900.000



**OPIÐ HÚS mánudaginn 4. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 125,5 m²

Um er að ræða glæsilega íbúð í góðu lyftuhúsi skráð 125,5 fm íbúð á 12. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er með óviðjafnanlegu útsýni frá Esjunni til Elliðavatns og Heiðmerkur og víðar. Yfirbyggðar svalir til suðurs, þrjú góð svefnherbergi og þvottaherbergi er innan íbúðar. Íbúðin er mjög vel útbúin skápum og innréttingum sem eru samrýmdar og gólfefni er flísar og parket.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Garðatorg 6, *íb206* — 210 Garðabæ — 61.700.000



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 5. des. kl.18:30-19:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 111,1 m²

Ný glæsileg íbúð í nýju fjölbýli með lyftuhúsi og stæði í bílakjallara. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna utan votrýmis, sem er flísalagt. K-gler í allri íbúðinni. Um er að ræða endaíbúð með tvennar svalir, 2 svefnherbergi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og þurkara og rúmgóðu aðalrými sem skiptist í eldhús, borðstofu og stofu. Góðar suðursvalir, um 12,6fm og rúmgóðar þaksvalir um 25,8fm sem snúa inn á miðbæjartorgið. Vandaðar Schmidt innréttingar frá Parka. AEG eldhústæki. Blöndunartæki í eldhúsi og hreinlætistæki frá Grohe. Mynddyrasími fylgir íbúð. Geymsla fylgir íbúð í kjallara og bílastæði í bílastæðihúsi.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.


**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**

**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**

**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**


Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

### *Kirkjusandur. Glæsileg útsýnisíbúð á efstu hæð.*




Virkilega glæsileg 209,8 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð við Kirkjusand að meðtöldum tveimur sér geymslum í kjallara og auk tveggja sér bílastæða í bílageymslu.

Tvennar svalir eru á íbúðinni, til norðurs og suðurs, og nýtur óviðjafnanlegs útsýnis frá eigninni yfir Sundin, að Esjunni, Akranesi og yfir borgina. Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt með ljósum sérsmíðuðum viðarinnréttingum. Aukin lofthæð er í íbúðinni, innfelld lýsing í loftum og arinn er í stofu.

Húsvörður.

**Verð 115,0 millj.**

### *Vesturberg 60. Endaraðhús.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög gott 154,3 fm. endaraðhús á einni hæð að meðtöldum 27,0 fm. bílskúr við Vesturberg.

Rúmgóðar stofur. Þrjú svefnherbergi. Eldhús með eldri innréttingu. Útgengi er úr stofu á afgirta viðarverönd til suðurs.

Þak var endurnýjað árið 2014.

Nýlega hellulögð stétt framan við hús með fallegri lýsingu.

**Verð 54,9 millj.**

### *Brúnás – Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús.*




Vandað 245,5 fm. einbýlishús á einni hæð að meðt. 46,0 fm. tvöföldum bílskúr.

Innréttingar, tæki og gólfefni eru afar vönduð. Hússtjórnarkerfi er í öllu húsinu, m.a. Bang & Olufsen kerfi, ljósastýring og innbyggðir hátalarar í lofti. Arinn í stofu. Afgirt verönd, um 160 fm. snýr til suðvesturs og meðfram húsinu. Útsýni til suðvesturs í átt að fjallgarðinum og að Bessastöðum. Á verönd er heitur pottur, útisturta, lítill heitur/kaldur pottur og rúmgóð sauna. Lýsing er umhverfis húsið, rafmagnshitari undir þakskyggni, eftirlitsmyndavél og hiti í stétt.

**Glæsileg eign í algjörum sérflokki.**

### *Langholtsvegur. Parhús.*



Glæsilegt og mikið endurnýjað 171,3 fm. parhús á pöllum miðsvæðis í Reykjavík. Baðherbergi á efri hæð er nýendurnýjað sem og stærstur hluti gólfefna, innihurðir og fleira. Samliggjandi bjartar stofur. Rúmgott eldhús með sprautulökkuðum + viðarinnréttingum. Þrjú svefnherbergi. Stór og skjólsæl lóð er neðan við húsið með viðarverönd og tyrfðri flöt. Fyrir framan hús er nýlega steypt stétt og steypt verönd með steyptum skjólvegg.

**Staðsetning eignarinnar er góð á fremur rólegum stað innarlega á Langholtsvegi þaðan sem stutt er í skóla og þjónustu.**

**Verð 73,5 millj.**

### *Reynimelur. 4ra herbergja íbúð á efri hæð og í risi.*



Vel skipulögð 98,4 fm. íbúð á tveimur hæðum með suðursvölum auk 50% hlutdeildar í 57,3 fm. bílskúr á baklóð og sér bílastæðis á lóð.

Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Útgengi er úr hjónaherbergi á suðursvalir. Tvö svefnherbergi.

Verið er að klára að skipta um allt gler í húsinu og verður þeim framkvæmdum lokið af hálfu seljanda.

Stór afgirt lóð með fallegum gróðri.

**Verð 54,9 millj.**

### *Kambsvegur 23. Sérhæð ásamt bílskúr.*



Afar falleg 160,4 fm. sérhæð, miðhæð að meðtöldum 30,8 fm. bílskúr í húsi, teiknuðu af Kjartani Sveinssyni.

Eldhús með gluggum til norðurs og vesturs. Rúmgóð stofa og borðstofa með stórum gluggum og svölum til suðurs. Fjögur herbergi. Húsið lítur vel út að utan og var málað árið 2011. Það hefur verið endurnýjað í tveimur áföngum.

Lóðin er vel hirt og í rækt.

Staðsetning eignarinnar er afar góð, stutt í Laugardalinn, íþróttasvæði og sundlaug.

**Verð 61,9 millj.**

### *Hrísateigur. Efri sérhæð.*




Mjög falleg og þó nokkuð endurnýjuð 119,3 fm. efri sérhæð, að meðtaldri sérgeymslu í kjallara við Hrísateig.

Parket á íbúðinni er nýlega bæsað og lítur mjög vel út. Eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum, nýjum tækjum og gluggum í tvær áttir. Stofa og borðstofa með útgengi á svalir til suðurs. Tvö svefnherbergi með innbyggðum skápum.

Húsið að utan er nýlega viðgert og málað.

**Verð 54,9 millj.**

### *Digranesvegur - Kópavogi. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.*



Falleg 147,7 fm. 4-5 herbergja neðri sérhæð að meðtöldum 26,5 fm. bílskúr í þríbýlishúsi við Digranesveg í Kópavogi.

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarin ár af núverandi eigendum. Stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Borðstofa. Eldhús með góðum borðkrók og glugga til austurs. Svefngangur með útgengi á rúmgóðar svalir. Endurnýjað baðherbergi.

**Afar fallegt útsýni er frá stofu, borðstofu og svölum til suðurs yfir Kópavoginn og til fjalla.**

**Verð 51,9 millj.**

### *Naustabryggja. 3ja herbergja íbúð með gluggum í þrjár áttir.*



Vel skipulögð 103,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu.

Gluggar í þrjár áttir. Rúmgóðar flísalagðar svalir til suðvesturs. Sér bílastæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu með aðgengi að þvottastæði. Stofa með gólfsíðum gluggum, nýtt sem setustofa og borðstofa. Tvö rúmgóð herbergi. Húsið að utan er klætt með áli, viðhaldslítið.

Stigahús er allt nýendurnýjað með nýjum teppum á stigum og nýmálað.

**Laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 49,0 millj.**

### *Klapparstígur. Glæsileg 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.*



Glæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 63,1 fm. íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu við Klapparstíg. Sérinngangur er í íbúðina. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, baðherbergi, innihurðar, skápa, gólfefni, allar lagnir og einangra alla útveggi og loft. Íbúðin er öll með aukinni lofthæð. Eign sem vert er að skoða á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur. Allar gardínur, vegglampar, loftljós og vegghillur fylgja með. **Fyrir um 11 árum síðan fóru fram miklar endurbætur á húsinu að utan undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar og fékk eignin viðurkenningu frá Reykjavíkurborg árið 2006. Þá var m.a. allt timburverk, bárujárn, þak og gler í húsinu endurnýjað.**

**Verð 39,9 millj.**

# STAKFELL

FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali



**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari



**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166



**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508



**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314



**KAREN ÓSK SAMPSTED**
Sölufulltrúi / nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967



**ÞÓRUNN LILJA VILBERGSDÓTTIR**
lögfræðingur / nemi til lögg. fasteignasala
Sími 535 1002

## STRANDGATA 31-33, 220 HAFNARFJÖRÐUR — 29.9M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS alla daga vikunnar 4.-8. des. kl. 12:00-13:00. Nýtískulegar og bjartar íbúðir frá 47,2 fm, sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til minni íbúða í dag. Mikil lofthæð, stórir gluggar, sér svalir og sér geymslu/vinnuherbergi í kjallara. Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum og eldhústækjum.

## MIÐBRAUT 29, 170 SELTJARNARNES — 94.9M



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Vorum að fá í einkasölu fallegt einbýlishús á einni hæð, skráð 210 fm auk 36 fm bílskúr, samtals 246 fm. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og stendur á góðum stað við Miðbrautina. Eignin er í ágætu ástandi en er nokkuð upprunanleg.

## SNORRABRAUT 56B - FYRIR 55+ — 35.9M



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Falleg og björt 67 fm íbúð á 4 hæð í fallega lyftuhúsi. Parket og góðar innréttingar. Yfirbyggðar suðursvali. Laus fljótlega. Húsvörður.

## SOGAVEGUR 101, 108 REYKJAVÍK — 31.9M



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Vorum að fá í sölu góða 60 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð ( ekki kjallari ) í 4ra íbúða húsi. Sérinngangur. Íbúðin er nýmáluð og er laus.

## KALDAKINN 1, 220 HFJ. — 24.9M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 4. des. kl. 17:30-18:00. Snyrtileg tveggja herbergja, 52,6 fm. íbúð við Köldukinn 1, Hafnarfirði. Íbúð skiptist í gang, stofu, eldhús, baðherbergi, og eitt svefnherbergi. Lítil geymsla innan íbúðar.

## VESTURGATA 35, 101 REYKJAVÍK — 47.9M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Húsið stendur á eignalóð og skiptist í tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. Efri íbúð skiptist í anddyri, stofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi.

## KIRKJULUNDUR 14, 210 GARÐAB. — 70M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 5. des. kl. 17:30-18:00. Glæsileg 103,3 fm. íbúð ásamt sér stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, þvottahús, baðherbergi og tvö svefnherbergi.

## EIKARÁS 1, 210 GARÐABÆR — 129M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

OPIÐ HÚS mánudaginn 4. des. kl. 17:30-18:00. Glæsilegt einbýli með aukaíbúð á besta stað í Garðabæ. Húsið er frábærlega hannað og í alla staði afar vandað en er ekki fullbúið.

## SKÓGARVEGUR 14, 103 REYKJAVÍK — 85.9M



**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

Falleg 149,6 fm íbúð á 1.hæð í Fossvoginum. Íbúðin sem er glæsileg í alla staði skiptist í stofu, eldhús, hjónaherbergissvítu með baðherbergi, barnaherbergi, gestasnyrting með sturtu og þvottahús.

## KAMBAVAÐ 1-3, 110 REYKJAVÍK — 60.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 4. des. kl. 17:00-17:30. Falleg 3-4ra herbergja íbúð á 2.hæð. Íbúðin er rúmgóð, björt og falleg, skiptist í stofu, eldhús, hjónherbergi ,barnaherbergi, baðherbergi og þvottahús.

## VÍÐIGRUND 15, 200 KÓPAVOGUR




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

